

13. júlí 2022

Múlaþing
Umhverfis- og framkvæmdasvið
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Umsögn um vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010 – 2030, vegna Fjarðarheiðarganga

Með tölvupósti dagsettum 7. júlí sl. óskaði umhverfis- og framkvæmdasvið Múlaþings umsagnar Heilbrigðisnefndar Austurlands um vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar, vegna Fjarðarheiðarganga. Tillagan sem hér er til umsagnar er unnin af verkfræðistofunni Eflu, dags. 1.7.2022. Umsögn þessi er unnin með hliðsjón af lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem á þeim byggja, þar á meðal reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.

Í vinnslutillögunni er gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á gildandi aðalskipulagi í fimm líðum. Þar á meðal verður gangamunni sem í gildandi skipulagi er staðsettur við Fjarðarsel færður ofar í landið, að Gufufossi. Við gangamunnann er gert ráð fyrir haugsetningarsvæði fyrir umframefni. Bæði gangamunni og haugsetningarsvæði verða staðsett innan grannsvæðis vatnsveitu Seyðisfjarðar.

Fram kemur að áhrif á vatnafar og vatnsvernd séu metin neikvæð hvort heldur sem gangamunni verður við Gufufoss eða Fjarðarsel, þar sem báðir staðirnir eru staðsettir innan grannsvæðis. Þess vegna er tekið fram að gera þurfi ráðstafanir t.d. í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands án þess að það sé tiltekið frekar til hvaða ráðstafana þurfi að grípa. Í nýlegri umsögn heilbrigðisnefndar um umhverfismatsskýrslu vegna Fjarðarheiðarganga kemur fram að ástæða er til þess að hafa áhyggjur af mögulegri mengun í neysluvatn, ekki síst á framkvæmdatíma. Bent var á sérstöðu vatnsveitu Seyðisfjarðar en veitan tekur yfirborðsvatn úr Lóni Fjarðarselsvirkjunar sem er hreinsað í hreinsistöð áður en því er veitt til neytenda. Vafi leikur á að þær aðgerðir sem boðaðar eru í umhverfismatsskýrslunni og ætlað er að koma í veg fyrir að affallsvatn frá gangnagerðinni berist út í Fjarðará og þar með í vatnsbólið séu fullnægjandi. Nauðsynlegt er að íbúar og atvinnulíf á Seyðisfirði hafi tryggn aðgang að hreinu og ómengdu neysluvatni og því afar mikilvægt að öryggi neysluvatns sé ekki stefnt í hættu. Að framansögðu er það óásættanlegt að mati heilbrigðisnefndar að áhrif á vatnsvernd skuli metin neikvæð í aðalskipulagi.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir efnistökusvæði (E13) við gangamunnann, innan grannsvæðis vatnsveitunnar. Efnistökusvæðið verður nýtt undir efnisvinnslu og sem tímabundið haugsetningarsvæði fyrir umfram efni úr göngunum. Áhrif á vatnafar og vatnsvernd vegna svæðisins eru metin neikvæð. Að mati heilbrigðisnefndar er sem fyrr segir ekki ásættanlegt að áhrif á vatnsvernd skuli metin neikvæð við aðalskipulagsbreytingu.

Í kafla 2.1.2 um vatnsverndarsvæði er talað um stofnlögn hitaveitu en væntanlega er verið að vísa til stofnlagnar vatnsveitu

Í kafla 5.1. um málsmeðferð kemur fram hvaða aðilar hafi fengið skipulags-og matslýsingu verkefnisins til umsagnar, þar á meðal er Heilbrigðiseftirlit Austurlands sem skilaði umsögn þann 22. Júlí 2021. Þrátt fyrir að HAUST hafi skilað inn umsögn er þess ekki getið í kaflanum.

Niðurlag:

Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting er í samræmi við umhverfismatsskýrslu Vegagerðarinnar vegna Fjarðarheiðargangna frá því í apríl sl. Gert er ráð fyrir að bæði gangamunni og efnistökusvæði (haugsetningarsvæði) verði staðsett innan grannsvæðis vatnsveitu Seyðisfjarðar en hvort tveggja er talið hafa neikvæð áhrif á vatnsvernd svæðisins skv. þeirri tillögu sem hér er til umsagnar. Bent hefur verið á að vatnbólið er mjög viðkvæmt fyrir mengun af völdum yfirborðsvatns og að hreinsistöðin ræður ekki við að hreinsa efni á borð við þungmálma og olíu úr vatninu áður en því er dreift til neytenda. Að mati Heilbrigðisnefndar verða allar framkvæmdir innan svæðisins og öll skiplagsvinna í tengslum við þær að taka mið af því að íbúar og atvinnulíf á Seyðisfirði hafi tryggan aðgang að heilnæmu neysluvatni. Ekki er hægt að mæla með því að farið verði í framkvæmdir á grannsvæði vatnsveitu Seyðisfjarðar sem eru taldar líklegar til þess að hafa neikvæð áhrif á vatnsvernd svæðisins.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

